


Málverk frá 1985 - tengslin við landslag leyna sér ekki.

MÁLA Á VETURNA TIL AÐ ÞRAUKA TIL NÆSTA VORS

Rætt við BJÖRN BIRNI listmálara sem opnar í dag sýningu á Kjarvalsstöðum


Björn Birnir er frá Grafarholti, gamalkunnum bæ við enda Grafarvogsins og nú orðinn innlyksa í Reykjavíkurborg, enda þótt hann hafi frá gamalli tíð verið í Mosfellssveitinni. Þarna fæddist Björn fyrir 55 árum og afi hans var Björn gamli í Grafarholti, sem þótti sérkennilegur maður og sérvitringur svo orð fór af. Ekki verður séð, að Björn Birnir hafi erft sérvizkuna, nema þá að hún birtist í því að vilja helzt mála íslenzkt landslag í flatastíl; með öðrum orðum abstrakt. Að öðru leyti er Björn Birnir eins og fólk er flest, ljúfur maður í viðmóti og fínlegur eins og litatónarnir í myndum hans. Það er áreiðanlega eitthvað til í því, að miklir skap- og geðbrigðamenn máli öðruvísi en þeir, sem oftast eru í jafnvægi. Ofsinn, sem birtist í sumum myndum Svavars Guðnasonar og Jóns Engilberts er eðlilegur vegna þess að við heimfærum hann uppá þessa málara. Ef marka má myndir, hefur Þórarinn B. Þorláksson verið geðprýðismaður og rósemin hjá Scheving er í fullu samræmi við ljúft fas hans.

Björn Birnir hefur ekki haldið stórar sýningar eða verið fyrirferðarmikill í listalífinu á annan hátt, en meðal listamanna er hann vel metinn fyrir vönduð vinnubrögð og innan abstaktgeirans hefur hann áunnið sér stíl, sem er nokkuð sér á parti í íslenzkri myndlist. Þegar litið er á nýjustu myndir Björns, til dæmis þá sem prentuð er á forsíðunni, á móti myndum frá síðustu tveimur árunum, má sjá afturhvarf til fínlegri forma og lita, líkt og hann sýndi, þegar hann kom frá Ameríku 1979 og aftur 1981. Hann er í upphafi spurður að því, hvort þetta sé amerískur skóli eða stefna í abstraktlist.

„Ameríska málverkið hefur haft áhrif á mig; á því er enginn vafi, enda var ég þar vestra í þrjú ár og allan tímann í skólum, bæði í Indiana State University og University of Maryland.

„Nú er þetta einmitt á tíma þegar konseptlistin er að fjara út og nýja málverkið að fæðast sem tízkustefna. Var samt lögð áherzla á abstraktlist í þessum skólum?“

„Nei, það var engin sérstök áherzla lög á abstraktlist. Menn eru ekki eins tízkubundnir þar eins og hér. Mér finnst þessi eltingaleikur við tízkustefnur ganga alltof langt hér og nálgast stundum trúarbragðaástríð. Maður vissi um allar hræringar þarna, en það er ekkert verið að hlaupa upp til handa og fóta eftir slíku og þaðan af síður að verið sé að halda einhverjum tízkubólum að nemendum.



Björn Birnir - landslagsminni á bak við abstraktið.


Þessar tízkubylgjur koma hver á fætur annarri, en í minni tíð er langmesta byltingin sú, sem varð með tilkomu módernismans eftir stríðið, þegar landslagsmálverkið sem verið hafði einrátt svo lengi þokaði að minnsta kosti að hluta til fyrir stílfærðri teikningu, sem var afsprengi kúbismans. Þetta þótti - og var reyndar - rosaleg breyting frá því sem verið hafði, enda undanfari þess að skrefið væri stigið til fulls til óhlutbundinnar myndlistar. Ég man fyrst eftir þesskonar nýmælum í myndum eftir Þorvald Skúlason og Svavar Guðnason og fleiri málurum, sem stóðu að septembersýningunum.

Ég var í Handíða-og myndlistaskólanum 1949-52 og þá má segja, að abstraktlistin væri að verða að trúarbrögðum. Menn voru á þeim árum mjög spenntir fyrir Vasarely; það var áður en hann tók op-listina uppá sína arma. Herbin hafði líka mikil áhrif; hann var hreinn flatamálari. Ég var í skólanum með Guðmundi Erró, Sverri Haraldssyni, Braga Ásgeirssyni, Hring, og ári á eftir okkur voru til dæmis Kári Eiríksson og Steinþór Sigurðsson. Af þeim urðum við þó ekki nema þrír abstraktmálarar: Sverrir í nokkur ár, en við Steinþór til frambúðar. Sverrir gerði síðar lítið úr þessu tímabili í list sinni og vildi helzt ekki af því vita, en mín skoðun er sú, að abstraktmyndirnar séu með því bezta, sem eftir hann liggur.

Við máluðum samt allir fígúratíft í skólanum og alls ekkert ýtt á okkur þar að gera eitthvað annað, enda var Sigurður Sigurðsson kennari okkar.“

„Var það löngu síðar, að þú fórst að leggja fyrir þig abstraktlist?“

„Nei, það var í kennaradeildinni á síðasta



Málverk frá 1986, sem verður á sýningunni. Þarna eru grófari og expressjónískari vinnubrögð en áður var - en nú hefur Björn aftur horfið til fínlegri áferðar.